

Fundur Dreifbýlisnefndar Reykhólahrepps

Haldinn að Byggðarenda í Flatey 23. júlí 2017

Mætt voru: Erla Björk Jónsdóttir formaður, Baldur Ragnarsson varaformaður, Áslaug Berta Guttormsdóttir, Guðrún Marta Ársælsdóttir varamaður, Sveinn Ragnarsson varamaður. Þá var reynt að hafa símafund með Ernu Guðnadóttur í Gufudal en samband náðist ekki.

1. Fundargerð dreifbýlisnefndar 15. febrúar 2017

Farið var yfir fundargerðina.

Eftirfarandi athugasemdir voru gerðar: a) Setja þarf reglurnar um hunda og kattahald inn á heimasíðu Reykhólahrepps, þannig að þær séu aðgengilegar. b) Sveitarstjórn Reykhólahrepps setji í forgang að byggt verði skýli fyrir slökkvibúnað Flateyjar og verði það gert í samráði við slökkvistjóra sveitarfélagsins í Flatey, Magnús Jónsson. Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

2. Verkefnið Brothættar byggðir

Áslaug upplýsti að verkefninu hafi ekki verið ýtt úr vör en Áslaug B. Guttormsdóttir og Gyða Steinsdóttir ætluðu að taka að sér að sækja um fyrir hönd Reykhólahrepps. Áslaug taldi að verkefnið Verndarsvæði í byggð – Flatey sem þær vinna nú að, hafi að einhverju leyti orðið þess valdandi að verkefnið Brothættar byggðir hafi legið í láginni. Verði unnið áfram að umsókn með haustinu.

3. Verkefnið Verndarsvæði í byggð

Áslaug upplýsti að fyrsti fundur samráðshóps um verkefnið verði haldinn síðar sama dag í Flatey eða kl. 16, þann 23. júlí 2017. Nokkuð rætt um verkefnið og næstu skref.

4. Ljósavélagámur OV í Flatey

Baldur og Guðrún benda á að færa þurfi ljósavélagám Orkubús Vestfjarða í Flatey en hann stendur nú við hlið gamla frystihússins en þar er nú verið að

byggja upp ferðapjónustu. Mikill hávaði er frá ljósavélinni og mikil þrengsli eru þar sem gámurinn er staðsettur sem felur í sér hættu þar sem vegfarendur og ferðamenn heyra ekki ef farartæki er á ferð fyrir hornið á frystihúsinu. Jafnframt telja þau staðsetningu gámsins hamla frekari uppbyggingu ferðapjónustu í frystihúsinu vegna hljóðmengunar. Baldur benti á að stöðuleyfi fyrir gáminn væri útrunnið. Þá nefndi Baldur að eigendur Þrískerja, gamla frystihússins, hefðu verið vel á veg komnir með að semja við OV um húsnæði undir ljósavélina í frystihúsinu en húsnæðið hefði þurft að hljóðeinangra og sú upphæð sem OV var tilbúið til að leggja til þess verks var talsvert of lág. Þó hefði OV boðið ásættanlegt leiguverð í frystihúsinu. – Málinu vísað til sveitarstjórnar Reykhólahrepps og bendir nefndin á að flýta þurfi ákvarðanatöku um málið.

5. Önnur mál

- a) Rætt um að tilfinnanlega vanti skilti og merkingar í sveitafélaginu, t.d. um þjónustu, salerni, tjaldstæði o.fl. Sveinn Ragnarsson upplýsti að nú eru skilti ekki eins dýr og áður tíðkaðist og hann og Erla bentu á að e.t.v. væri hægt að ýta af stað hugmyndum um skilti og staðsetningu skilta í samráði við ferðapjónustuaðila.
- b) Finna þarf dagsetningu á næsta fund. Samþykkt að nýta samskiptahóp á fb og finna dag/tíma þegar nær dregur hausti.
- c) Erla ræddi að upplýsingaflæði til dreifbýlisnefndar væri ekki nógu gott, þ.e. hver niðurstaða sveitarstjórnar væri um málefni þau sem nefndin ræddi á fundum sínum. Áslaug taldi að hér væri boltinn hjá henni og taldi sig ekki hafa staðið sig í stykkinu hvað varðaði að upplýsa um framvindu/niðurstöðu einstakra mála.

Ekki fleira gert og fundi slitið.

Áslaug B. Guttormsdóttir, fundarritari.